



Sveitarstjórinn í Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrir hönd sveitarstjórnar gerir kunnugt um

Lóðarleigusamning

Með samningi þessum er Bilun ehf kt. 580610-0510 leigð lóðin Tvísteinabraut 4 úr lendum sveitarfélagsins. Samkvæmt bókun sveitarstjórnar 15. maí 2019.

1. Lóðin er í skipulögðu iðnaðarhverfi í landi Réttarholts neðan Þjóðveggar við Árneshverfi. Lóðin er 4746,0 fermetrar að stærð landnúmer er 224-437. Fasteignanr. 2359959. Á lóðinni eru áform um að reisa iðnaðarhúsnæði 485 m² að stærð. meðfylgjandi sem fylgiskjal er skipulagsuppráttur fyrir svæðið sem sýnir legu lóðarinnar, lögum og takmörkun.

2. Leigusali kostar gerð akvega innan svæðisins. Leigusali leggur kalt vatn að lóðarmörkum lóðarinnar. Leigutaki kostar gerð aðkomu og bílastæðis að sinni leigulóð.

3. Leigutaki skuldbindur sig til að hlíta ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir hvað varðar fráveitu og sorp. Sömuleiðis skal leigutaki fara eftir ákvæðum skipulagsuppráttar um byggingu iðnaðarhúss á lóðinni, bæði hvað varðar legu, stærð húss og byggingarefni. Leigutaka er þar með skylt að leyfa lagningu holræsa, vatns- hitaveitulagna, síma, ljósleiðara og fleira þess háttar um lóðina án endurgjalds, enda sé lóð eða mannvirkjum ekki spillt með því.

4. Leigutími skal vera 50 ár frá undirskrift samningsins.

5. Vilji sveitarstjórnin ekki, að loknum leigutímanum, leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi að láta hús sem þá er á lóðinni, standa áfram, skal sveitarfélagið greiða leigutaka sannvirði hússins eða húsanna eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástand bygginganna.

6. Leigugjald á ári skal vera 1 % af fasteignamati lóðarinnar á ári hverju. Leiguna skal greiða á sömu gjalddögum og önnur fasteignagjöld af lóðinni og mannvirkjum sem á henni verða byggð.

7. Leigusala er heimilt að innheimta árlega þjónustugjöld eftir því sem sveitarstjórn ákveður s.s. sorpgjöld, gjald vegna tæmingar rotþróa og kalds vatns. Leigusali mun innheimta gatnagerðargjöld samkvæmt gjaldskrá samþyktri af sveitarstjórn.

8. Leigutaka er heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild ásamt húsum þeim og mannvirkjum sem á henni verða gerð. Sala skal tilkynnt til skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps um leið og hún fer fram. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki hafi ekki fullnægt skuldbindingum þeim, sem hann hefur undirgengist gagnvart leigusala með þessum leigusamningi, enda hvíli skuldbindingarnar á lóðinni og færast yfir á veðhafa eða aðra sem öðlast leiguréttinn úr höndum hins upphaflega leigutaka. Brot á leigusamningnum varðar því



PI

þá sem síðar fá lóðina til afnota, hinum sömu viðurlögum og hinn upphaflega leigutaka.

9. Leigutaki greiði alla opinbera skatta og gjöld sem lögð kunna að vera á lóðina sem gjaldstofn.


10. Innan tveggja ára frá undirritun samnings þessa skal leigutaki hafa lokið frágangi hússins að utan svo og sléttað lóðina og ræktað og flutt brott af henni allt, sem til óprýði er, svo sem vinnuskúr, timburhlaða o.þ.h. Fullnægi leigutaki ekki ákvæðum þessarar greinar er sveitarstjórn heimilt að láta vinna þetta verk á kostnað leigutaka og eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

11. Brjóti leigutaki í einhverju ákvæði þessa samnings, þá er leiguréttur hans til lóðarinnar fallinn úr gildi og lóðin fallin aftur til sveitarfélagsins.

12. Leigutaki ber kostnað af þinglýsingu og stimplun samnings þessa.

13. Rísi mál út af samningi þessum má reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands og er sáttatilaun dómara nægjanleg.

Árnesi *E. Einarsson* 2019

 Sveitarstjóri
Skeiða- og
Gnúpverjahrepps

Fyrir hönd leigusala

Þórunn Þ. Einarsson
Þórunn Þ. Einarsson

Leigutaki

Ég undirritaður fyrir hönd leigutaka geng að framangreindum leiguskilmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði. Nafn og knt.

Þórunn Þ. Einarsson 230757-4539.

Þórunn Þ. Einarsson 150159-3929